

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 20. júlí 1976****um mesta leyfilegt magn erucic-sýru í olíu og fitu sem ætluð er til mannelis og matvælum sem innihalda viðbætta olíu eða fitu****(76/621/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Komið hefur í ljós að stórir skammtar af repjuolíu hafa óæskileg áhrif á tilraunadýr, en ekki hefur verið sýnt fram á slík áhrif hjá mönnum.

Þessi áhrif virðast einkum stafa af erucic-sýru, einum efnisþátta þessarar olíu.

Aðrar matarolíur og neyslufæta innihalda erucic-sýru.

Frekari rannsókn á sér nú stað á repjuolíu og öðrum olíum og fitu, en þar til niðurstöður liggja fyrir ber í varúðarskygni að takmarka neyslu á erucic-sýru.

Til að ná þessu markmiði ber að ákvarða hámarks magn fyrir erucic-innihald í olíum, fitu og matvælum sem henni er bætt í.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 280, 8. 12. 1975, bls. 13.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 286, 15. 12. 1975, bls. 39.

Án þess að heilsu manna stafi hætta af er þó unnt að útloka matvæli með lágu heildarfituinnihaldi frá gildissviði þessarar tilskipunar.

Í þessu skyni ber að samþykkja hámarks magn, sem öðlast gildi eigi síðar en 1. júlí 1979, til að tryggja heilsu manna þar til nákvæmar, endanlegar vísindalegar niðurstöður í þessu efni liggja fyrir og að teknu tilliti til gæðapróunar á framleiðslu repjuolíu innan bandalagsins.

Í öllu falli má magn erucic-sýru ekki vera hærra en 10% frá og með 1. júlí 1977.

Tiltekin aðildarríki hafa nú þegar ákvarðað hámarks magn fyrir erucic-sýru með hliðsjón af vörutegundum og neysluvenjum í samræmi við kröfur um verndun almannaheilbrigðis.

Sýnatöku- og greiningaraðferðir sem eru nauðsynlegar til að ákvarða magn erucic-sýru í viðkomandi framleiðsluvörum eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir. Til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

Æskilegt er, í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni umboð til að koma reglum um matvæli í framkvæmd, að kveðið sé á um hvernig koma skuli á nánú samstarfi milli aðildarríkjana og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót

með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um:

- a) olíur, fitu og blöndur þeirra sem ætlaðar eru til manneldis,
- b) samsett matvæli sem olíum, fitu eða blöndum þeirra hefur verið bætt í, með heildarfituinnihaldi yfir 5%; aðildarríkjunum er þó einnig heimilt að láta ákvæði þessarar tilskipunar gilda um þessi matvæli þegar þau innihalda 5% af fitu eða minna.

2. gr.

1. Frá 1. júlí 1979 í síðasta lagi má magn erucic-sýru í þeim vörum sem um getur í 1. gr., reiknað út frá heildarmagni fitusýra í fituefnum, ekki vera meira en 5%.

2. Í öllu falli skulu aðildarríkin frá 1. júlí 1977 ákvarða magn erucic-sýru sem er ekki meira en 10%.

3. gr.

Sýnataka og greiningaraðferðir sem eru nauðsynlegar til að greina magn erucic-sýru í vörunum sem um getur í 1. gr. skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.

4. gr.

1. Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga sem komið hafa fram eða vegna endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum frá því að þessi tilskipun var samþykkt, gild rök til að ætla að hámarks magn erucic-sýru, sem mælt er fyrir um í 2. gr., stofni heilsu manna í hættu, jafnvel þótt það sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, er því heimilt að fella ákvæðin sem um ræðir tímabundið úr gildi eða takmarka beitingu þeirra á yfirráðasvæði sínu. Það skal þegar í stað tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem hlutaðeigandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndarinnar um matvæli; hún skal skila álit sínu án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 291, 29. 11. 1969, bls. 9.

3. Telji framkvæmdastjórnin breytingar á þessari tilskipun nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem minnst er á í 1. mgr. og til að tryggja heilsu manna skal hún hefja þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 5. gr. í því augnamiði að samþykkja þær. Aðildarríkinu sem samþykkt hefur öryggisráðstafanir er í því tilviki heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar öðlast gildi.

5. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkja eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

6. gr.

Ákvæði 5. gr. gilda í átján mánuði frá þeim degi að málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

1. Fyrir 1. janúar 1977 skulu aðildarríkin breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þau lög sem þannig er breytt gilda um vörur sem settar eru á markað í fyrsta sinn eftir 1. júlí 1977 og 1. júlí 1979 eftir því sem við á.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

A. P. L. M. M. van der STEE

forseti.
